

Þann 6. mars 2024, kl. 15:00 mættu eftirtaldir aðilar til fundar að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, til að ræða málefni er varða vatnsaflsvirkjun ON í Andakílsá.

Jón Einarsson, oddviti Skorradalshrepps, Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri Borgarbyggð, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðjónsson landeigendur Efri-Hrepps, Unnsteinn Snorri Snorrason landeigandi Syðstu-Fossa í gegnum Teams samskiptabúnað, Hilmar Gunnlaugsson lögmaður (hrl.), Íris Lind Sæmundsdóttir lögmaður hjá Orkuveitunni, Harpa Pétursdóttir frá Orku náttúrunnar, Jón Örvar Jónsson verkefnisstjóri hjá Orku náttúrunnar, Kristinn Már Reynisson lögmaður hjá Orkuveitunni og Eiríkur Hjálmarsson Sjálfbærnistjóri hjá Orkuveitunni.

Fundarstjórn var í höndum Eiríks Hjálmarssonar.

Fundargerð ritaði Kristinn Már Reynisson.

Fyrir fundi lá eftirfarandi dagskrá:

- 1. Landamerki**
- 2. Sveitarfélagamörk**
- 3. Virkjunarleyfi**
- 4. Viðhaldsframkvæmdir**

Þetta gerðist:

Fundarstjóri, Eiríkur, setur fund kl. 15:00 og vísar til samskipta um dagskrá fundar, sem send hafði verið fyrir næstliðna helgi. Ekki komu fram andmæli við dagskrá og bauð fundarstjóri því fulltrúum landeiganda að lýsa afstöðu sinni.

Guðrún, f.h. landeiganda Efri-Hrepps tekur til máls og reifar bakgrunn málsins frá sinni hlið. Frá 2002 hafi OR/ON nokkrum sinnum óskað undirskriftar þeirra sem landeiganda á skjöl sem hafi verið með rangri hnitsetningu á gömlu landamerkjum Efri-Hrepps og Syðstu-Fossa, sem leiði til þess að lóð OR/ON úr landi Efri-Hrepps hafi þar verið ranglega afmörkuð. Hún heldur því á lofti að landeigendur Efri-Hrepps og Syðri-Fossa hafi lagt í að hnitsetja sínar jarðir í samræmi við yfirvofandi lagaskyldu þar um, þar á meðal línu milli þessara tveggja jarða.

Afstaða Guðrúnar er að óumdeilt sé að Andakílsá deili mörkum jarða og sveitarfélaga, sem og mörkum spildu til handa virkjuninni sem í samningi frá 1954 er lýst sem 70 metra breiðri. Þessu hafi ekki verið þinglýst, því landeigendur hafi ekki getað fallist á hnitsetningar sem lagðar hafa verið til grundvallar í þeim skjölum sem fyrir þau hafa verið lögð. Er þar bæði um að ræða línur fyrir ofan og neðan stíflu. Fyrst (árið 2022) hafi þau gengið frá þinglýsingu landamerkja frá ósum Álfsteinsár niður að stíflu, með hlutaðeigandi landeigendum, sem engar athugasemdir hafi verið gerðar við og standi því, að þeirra mati.

Fyrir neðan stíflu ákváðu landeigendur sín á milli m.a. að miða hnitsetningu við miðlínu svokallaðs Bláberjahólma, en fyrir tíma stíflunnar hafði áin klofist um þann hólma.

Þessu þinglýstu landeigendur og fór sú þinglýsing í gegn án athugasemda. Orkuveitan fór fram á að þeirri þinglýsingu væri hnekt og fékk fullnustu sinna málaleitana frá Sýslumanni. Þar skipti m.a. máli að aðkoma hlutaðeigandi sveitarfélaga hefði verið nauðsynleg, þar sem landamörk þessara jarða séu einnig talin landamörk sveitarfélaganna.

Í millitíðinni bendir Guðrún á að Borgarbyggð hafi veitt ON framkvæmdaleyfi. Guðrún bendir á að afstaða þeirra sé að svo lengi sem línur milli jarða standi óstaðfestar, leiði af því að línur milli sveitarfélaga standi óstaðfestar. Vill hún meina að meðan svo sé, geti reynst erfitt fyrir sveitarfélögin að veita framkvæmdaleyfi.

Áður en Guðrún lauk máli sínu sýndi hún fundarfólki uppdrátt sem var nýlega unninn, af umræddu svæði, með línum sem landeigendur telja rétta línu. Þar var einnig lína sem Guðrún upplýsti að henni sýndist vera sveitarfélagamarkalína, en tók fram að slíkar línur væru ekki nákvæmar og vísaði til fyrirvara í aðalskipulagi Skorradalshrepps þar um.

Að loknum inngangi Guðrúnar var gengið til dagskrár en áður benti fundarstjóri fundarfólki á að tilgangur þessa fundar hafi ekki verið að finna endanlegar lausnir á öllum þeim málum sem upp hafa komið milli aðila. Hins vegar sé markmiðið að finna sameiginlega fleti, sem nýta megi til að finna farveg að lausn.

Dagskrárliður 1. Landamerki

Fundarstjóri gefur orðið til Hörpu, sem lýsir því yfir að ON óski þess að finna lausn sem er hagur allra.

Fundarstjóri býður Unnsteini að taka til máls. Hann lýsir því yfir að hann telji sveitarfélagamörk afleiðingu þess hvar jarðamörk liggja. Og það eru jarðamörk sem sátt verður að nást um. Hann lýsir yfir ósk um að þessi fundur leiði til þess að jarðamörk verði fundin og hans upplifun sé að landeigendur séu sammála um hvar línun liggur.

Íris Lind bendir á að landamerkin hljóti að vera óbreytt eins og þegar spildu var afsalað til virkjunarmannvirkja, en núna virðist Orkuveitunni að það sé verið að færa línuna; hvort sú sé raunin eða hvort það sé vegna skorts á samskiptum eða misskilningi sem það birtist Orkuveitunni með slíkum hætti getur hún ekki úttalað sig um að svo stöddu.

Jón Einarsson kveður sér hljóðs og ávarpar fundinn þess efnis að sveitarfélagamörkin skipti hann líka litlu máli. Fyrst og fremst verði að finna línu milli jarða. Landamörk jarða þurfi hins vegar alltaf að fara til sveitarfélaga til samþykkis.

Hann vill meina að lóð frá 2015 hafi aldrei komið fyrir sveitarfélagið. Landeigendur vill hann ekki meina að hafi samþykkt þá lóð og því telur hann það ekki hafa neitt gildi.

Hilmar kveður sér hljóðs og lýsir því yfir að allir aðilar séu mættir á fund til að leita sátta. Deilumál er varða Andakílsárvirkjun að öðru leyti kunna að vera fyrir hendi, en niðurstaða um landamerki ætti þó ekki að vera föst í farvegi deilna.

Hilmar leggur til við fundinn tillögu um að landeigendur og Orkuveitan komi sér saman um skjal, með línu sem allir aðilar geti fallist á. Sem sagt að byrja á því að leysa deilu um lóða og jarðamörk. Ef allir 3 aðilar koma sér saman, þá er það sent til sveitarfélaga – sem geta haft skoðun á því – en svo kemur það til með að fara til þinglýsingar.

Fundarstjóri spyr um afstöðu Borgarbyggðar til slíkrar vegferðar.

Stefán: Borgarbyggð hefur kosið að bíða og sjá hvernig samskipti landeigenda og Orkuveitunnar þróist. Samtal um sameiningu sveitarfélaganna tveggja hefur átt sér stað og því hefur þessi afstaða orðið ofaná. Hann spyr hvort það séu fleiri deilumál sem munu halda áfram að koma fram í dagsljósið og kallar eftir opinni nálgun um málið til að allir angar þess komist í sátt.

Jón Örvar, bendir á í framhaldi af því sem Hilmar sagði, að línur sem Orkuveitan hefur stuðst við, séu úr skipulagssjá. Á sínum tíma var keypt spilda, vegna virkjunarinnar. Henni var lýst í kaupsamningi. Þá lýsingu þarf að vera hægt að styðjast við.

Fundarstjóri dregur saman ágreininginn með þeim hætti að hægt sé að nálgast niðurstöðu, sameiginlega verkefnið er að teikna upp með fullvissu hvar spilda Orkuveitunnar liggur og hvar mörk jarðanna liggja að öðru leyti. Því stingur fundarstjóri upp á vinnustofu, þar sem aðilar mæta með kortin, til að finna línu.

Harpa bætir því við að ON er í raun fyrst og fremst umhugað um að geta rekið virkjunina, sem felur m.a. í sér að sinna nauðsynlegu viðhaldi svo hún uppfylli þau viðmið að geta talist örugg ekki síst fyrir umhverfi og fólk. ON er og verður ábyrg fyrir virkjuninni og mögulegum afleiðingum ef ekki tekst að fara í nauðsynlegt viðhald. En því miður virðist málið fast í því að deila um línu sem ON taldi vitað hvar væri.

Guðrún svarar því til að landamerkin verði að vera sett niður, því miða þurfi spildu OR við eitthvað.

Hilmar tekur til máls og lýsir því yfir að hans upplifun sé að Orkuveitan hafi ekki verið skýr um hvar hún telji að draga eigi línuna.

Íris svarar því til að Orkuveitan telji skýrt í samningi að línun taki mið af Andakílsá. Eins og hún var þegar samningur var undirritaður. Hins vegar hafi þinglýsingin orðið til þess að afmá lóð Orkuveitunnar. Því sé ómögulegt að fá framkvæmdaleyfi.

Hilmar kynnir yfirlýsingu sem landeigendur skrifuðu undir og spyr hvort Orkuveitan sé tilbúin að fallast á hana? Hvað varðar ágreining um línuna í lóninu, þá sé hægt að leysa hann síðar.

Íris lýsir því yfir að Orkuveitan telji heillavænlegast að klára landamerkin milli einstakra aðila. Svo sé hægt að meta hvaða afleiðingar sveitarfélagamörk hafa á þetta eða ekki.

Hilmar tekur vel í að fá uppteiknaða línu frá OR.

Fundarstjóri ber tillögu undir landeigendur og Orkuveituna um að hittast og bera saman línur. Þeir aðilar fallast á þá tillögu.

Fundarstjóri spyr hvort það að senda gögn á milli með tölvupóstum sé líklegt til árangurs eða hvort ákjósanlegra sé að hittast í persónu.

Íris, f.h. Orkuveitunnar telur betra að fundur verði haldinn í persónu, með nægan tíma til að öll samskipti séu sem best og líkur á misskilningi þannig lágmarkaðar, í stað tölvupósts. Unnsteinn tekur undir að það sé hægt að hittast – en vill frekar þá fjarfund.

Íris bendir á að f.h. Orkuveitunnar sé einnig í boði að vera á nærsvæði virkjunarinnar með fundinn.

Hilmar telur að fundur á næstu dögum sé möguleiki. Hann mælir enn fremur með því að málflutningi í dómsmáli milli aðila verði frestað meðan aðilar leita leiða til að koma sér saman.

Dagskrárliður 2. Sveitarfélagamörk

Þessi dagskrárliður blandaðist að miklu marki við umfjöllun um dagskrárlið nr. 1

Dagskrárliður 3. Virkjunarleyfi

Harpa bendir á að frá sjónarhóli ON er grundvöllur málsins viðhaldsþörf Andakílsárvirkjunar.

Sú staðreynd að sveitarfélagið Skorradalur hafi haldið því fram að ekki sé fyrir hendi virkjanaleyfi, hefur valdið töfum sem ekki aðeins séu kostnaðarsamar, heldur skapi hættu og það ástand til komið að óþörfu. Orkuveitan hafi gert sitt besta til að sýna fram á að virkjunin hafi óumdeilanlega leyfi til raforkuframleiðslu.

Jón lýsir því yfir að Skorradalshreppur hafi ekki fengið niðurstöðu frá Orkustofnun. Orkuveitan hafi sent sveitarfélaginu gögn frá Orkustofnun.

Hilmar tekur fram að hann hafi verið beðinn um af hálfu Skorradalshrepps um að skoða þetta mál, en hafi ekki haft ráðrúm til að ljúka þeirri skoðun.

Harpa bendir á að það sé Orkustofnun sem tekur ákvörðun um þetta álitamál, álit annarra ráði ekki niðurstöðu í málum þar sem stofnun hefur verið veitt ákvörðunarvald með lögum.

Hilmar kveðst þurfa skýrari heimild fyrir starfsleyfi virkjunarinnar. Jón Örvar kveðst þá hafa fundið gögn frá miðbiki síðustu aldar á Þjóðskjalasafni s.s. vegna stækkunar stíflumannvirkja, enda hafi virkjunin óumdeilanlega verið starfandi sem virkjun frá þeim tíma í fullri sátt og með fullri heimild stjórnvalda og á grundvelli þeirra laga sem þá voru í gildi.

Hilmar óskar eftir afriti af þessum gögnum og spyr hvers vegna Orkuveitan hafi ekki verið búin að senda þau.

Harpa bendir þá á að virkjunin sé svo gömul sem raun ber vitni og umtalsvert eldri en nógildandi raforkulög sem ellegar veita virkjunarleyfi. Þau gilda ekki afturvirk og því verði að teljast eðlilegt að starfsleyfi virkjunarinnar sé ekki á grundvelli laga sem eru yngri en virkjunin. Hins vegar sé ekkert sem bendi til þess að virkjunin sé ekki með leyfi eða sé að einhverju leyti óleyfisframkvæmd eða hafi verið sem slík áratugum saman sbr. það sem Jón Örvar hefur vísað til.

Stefán Broddi kveður sér hljóðs og tekur undir að hvað Borgarbyggð varði, þá sé viðhaldspörfin á stíflunni mjög mikilvægt atriði enda ljóst að ef hún bresti muni það hafa áhrif á umhverfi og fólk í Borgarbyggð.

Hilmar tengir þetta umræðuefni við úrlausn þess að finna línu jarða og lóðamarka. Hans skoðun er að þegar það leysist, geti talist grundvöllur fyrir því að Orkustofnun geti tekið ákvörðun. Að hans mati hafi Orkustofnun ekki verið nægilega skýr.

Harpa bendir á að ólíklegt verði að teljast að Orkustofnun muni taka nýja ákvörðun. Leyfið er fyrir hendi nú þegar og ef stofnunin tæki nýja ákvörðun væri um nýja stjórnvaldsákvörðun að ræða í máli sem ákvarðað hefur verið í og stofnunin hafi lýst skoðun sinni á ítrekað.

Fundarstjóri spyr hvort hægt sé að herða á þeirri vinnu Skorradalshrepps að finna út úr því hvort virkjunin sé óleyfisrekstur eða ekki.

Dagskrárliður 4. Viðhaldsframkvæmdir

Jón lýsir því yfir að álitamál um virkjunarleyfi sé ekki forsenda þess að farið sé í viðhaldsframkvæmdir að hans mati.

Íris bendir á að ef ekki næst sammæli meðal aðila um jarða og lóðamörk, þurfi að kalla til utanaðkomandi aðila til hnitasetningar. Þótt slíkt úrræði sé ekki fyrsti valkostur, sé málið svo brýnt vegna þess að framkvæmdir við virkjun er öryggisatriði. Ekki síst fyrir nærumhverfi virkjunar. Ef ekki sé hægt að fá framkvæmdaleyfi fyrir viðhaldi vegna ágreinings um línu aukast líkur á því að áhætta raungerist, með slæmum afleiðingum. Hins vegar hafi samskipti við stjórnsýslu Skorradalshrepps reynst ljón í veginum.

Jón Örvar bætir því við að ný skýrsla liggi fyrir um ástand stíflumannvirkja virkjunarinnar. Fyrir liggur að hún lekur. Þó spálíkön um flóðahættu segja að ólíklegt sé að leki yfir hana er staðan þó sú að hún gæti brostið með mögulegum afleiðingum að set fari niður í á. Jón Örvar býður fundarfólki afrit af þessu minnisblaði sem er frá því í febrúar 2024.

Áður en fundi er slitið fer fundarstjóri yfir dagskrárliði og ber samandregna punkta undir fundarfólk.

Varðandi dagskrárlið nr. 1: Aðilar ætla að hittast og draga fram línur í sameiningu og vinna að lausn.

Varðandi dagskrárlið nr. 2: Sveitarfélagamörk eru afleiðing af vinnu við nr. 1

Varðandi dagskrárlið nr. 3: Orkuveitan kemur gögnum til Hilmaris

Varðandi dagskrárlið nr. 4: Brýnt af hálfu ON að áformað sé að fara í framkvæmdir sumar 2025.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið 16:28